

GJALDSKRÁ

Drangsneshafnar, Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda út frá stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu (bt) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða bryggjugjald:

Bátar undir 20 bt, 8.200 kr. á mánuði.

Bátar yfir 20 bt, 12.300 kr. á mánuði.

Viðlegugjald, jullur, 2.360 kr. á mánuði.

4. gr.

Greiða skal 410 kr. kranagjald á hvert byrjað tonn.

5. gr.

Sorpgjald reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

Mánaðargjald báta undir 20 bt er 2.360 kr.

Mánaðargjald báta yfir 20 bt er 3.520 kr.

Sorpgjald er samkvæmt samþykktri gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi nr. 1808/2024.

6. gr.

Rafmagnssala til skipa fer eftir gjaldskrá Orkubús Vestfjarða ásamt umsýslugjaldi sem er 1 kr. á hverja kWst.

7. gr.

Skrifstofa Kaldrananeshrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24% vsk og séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

8. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Drangsneshöfn er sett með heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps 21. nóvember 2024.

Drangnesi, 21. nóvember 2024.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.